

## AUGLÝSING

um (2.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2025 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands, nr. 118/2025.

### 1. gr.

Þær fjárhæðir sem fram koma í ákvæði 4. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar, fyrir tiltekna tegund dagdvalar, breytast og verða nú svohljóðandi:

Daggjöld, frá og með 1. júlí 2025 til og með 31. ágúst 2025, eru sem hér segir:

<b>Tegund dagdvalar</b>	<b>Daggjald</b>
Almenn dagdvöl	10.536 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	23.145 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	28.947 kr.

Daggjöld, frá og með 1. september 2025, eru sem hér segir:

<b>Tegund dagdvalar</b>	<b>Daggjald</b>
Almenn dagdvöl	10.664 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	23.428 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	29.300 kr.

### 2. gr.

Í stað 2. málslíð 1. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Húsnæðisgjald, frá og með 1. júlí 2025 til og með 31. ágúst 2025, er 539 kr. á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými.

Húsnæðisgjald, frá og með 1. september 2025, er 546 kr. á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými.

3. gr.

*Gildistaka.*

Auglýsing þessi sem er sett með stöð í 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra. Hún telst vera ívilnandi og gildir frá 1. júlí 2025 og er gildistími sá sami og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016.

*Sjúkratryggingum Íslands, 20. nóvember 2025.*

**Sigurður H. Helgason.**

---

*Elmar Hallgríms Hallgrímsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 24. nóvember 2025